

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2012/EES/67/22

frá 30. nóvember 2010

um spurningalista sem nota skal við skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB um brennslu úrgangs (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 8279)

(2010/731/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs ⁽¹⁾, einkum 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fyrsta spurningalistanum, sem notaður var við skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar 2000/76/EB um brennslu úrgangs, var komið á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/329/EB ⁽²⁾. Þessi spurningalisti átti við skýrslutímabilið frá árinu 2006 til ársins 2008, að báðum árum meðtöldum.
- 2) Í ljósi fenginnar reynslu af framkvæmd tilskipunar 2000/76/EB og af notkun fyrsta spurningalistans skal gera nýjan spurningalista fyrir tímabilið 2009 til 2011. Til glöggvunar skal skipta út ákvörðun 2006/329/EB.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót í samræmi við 6. gr. tilskipunar ráðsins 91/692/EBE frá 23. desember 1991 um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd vissra tilskipana um umhverfismál ⁽³⁾.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríkin skulu nota spurningalistann sem settur er fram í viðaukanum þegar þau gefa skýrslu um framkvæmd tilskipunar 2000/76/EB.

2. Skýrslurnar, sem leggja ber fram skulu taka til tímabilsins frá 1. janúar 2009 til 31. desember 2011.

2. gr.

Ákvörðun 2006/329/EB er felld úr gildi.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez Potočnik

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 315, 1.12.2010, bls. 38. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 15.3.2012, bls. 51.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 121, 6.5.2006, bls. 38.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48.

VIÐAUKI

SPURNINGALISTI UM FRAMKVÆMD TILSKIPUNAR EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/76/EB UM BRENNSLU ÚRGANGS*Almennar athugasemdir:*

Þessi spurningalisti, annar í röð sem tengist tilskipun 2000/76/EB, tekur til tímabilsins 2009 til 2011. Í ljósi fenginnar reynslu af framkvæmd tilskipunarinnar og upplýsingum, sem þegar hafa fengist með fyrsta spurningalistanum, mun í þessum spurningalista verða lögð áhersla á breytingar og framfarir sem orðið hafa í aðildarríkjunum á raunverulegri framkvæmd tilskipunarinnar.

Til þess að tryggja samfellu og auðveldla beinan samanburð við fyrri svör, breytir þessi spurningalisti ekki þeirri almennu nálgun sem fram kemur í ákvörðun 2006/329/EB. Ef spurningar eru áþekkar þeim sem komu fyrir í fyrri spurningalistanum er einfaldlega hægt að vísa í fyrri svör ef ástandið er óbreytt. Ef einhverjar breytingar hafa orðið ber að lýsa þeim í nýju svári.

Eins og í fyrsta spurningalistanum hyggst framkvæmdastjórnin nýta sér ReportNet-vettvanginn (eða arftaka hans ef svo ber undir) til að gera rafrænt skýrslugjafartæki (*e. Electronic Reporting Tool*), sem byggir á þessum spurningalista, aðgengilegt fyrir aðildarríkin. Framkvæmdastjórnin mælir því eindregið með að slíkt sé notað til þess að uppfylla þessa upplýsingaskyldu þannig að draga megi úr álagi og einfalda greiningu á svörum.

1. Fjöldi stöðva og leyfa
 - 1.1. Veitið eftirfarandi upplýsingar um fjölda stöðva (sundurliðað eftir brennslu- og sambrennslustöðvum) sem falla undir gildissvið tilskipunar 2000/76/EB, sem og um leyfi þeirra og leyfilega afkastagetu:
 - a) fjöldi stöðva,
 - b) fjöldi leyfa sem gefin eru út í samræmi við 1. mgr. 4. gr.,
 - c) fjöldi stöðva sem nýta varma sem myndast í brennsluferlinu,
 - d) leyfileg heildarafkastageta að því er varðar úrgang (tonn á ári) (valfrjálst).
 - 1.2. Leggið fram skrá yfir allar stöðvar sem falla undir gildissvið tilskipunar 2000/76/EB, sem sýnir eftirfarandi upplýsingar fyrir hverja stöð sem afkastar meira en tveim tonnum á klukkustund:
 - a) hvort stöðin er brennslu- eða sambrennslustöð og, ef um hina síðarnefndu er að ræða, tegund stöðvar (sementstofn, brennsluver, önnur iðnaðaraðstaða sem ekki fellur undir ákvæði 1. eða 2. liðar II. viðauka tilskipunar 2000/76/EB,
 - b) að því er varðar sorpbrennslustöðvar fyrir húsasorp í föstu formi sem sjá um endurnýtingaraðgerðir sem falla undir lið R1 í II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ⁽¹⁾: orkunýtni brennslustöðvarinnar, reiknuð út með formúlunni sem kemur fram í neðanmálgreininni við lið R1 í II. viðauka tilskipunar 2008/98/EB.
2. Lýsið hvers kyns vandamálum varðandi skilgreiningarnar í 3. gr. sem komu í ljós við framkvæmd tilskipunar 2000/76/EB. Veitið nánari upplýsingar um hverja skilgreiningu þar sem vandamál komu upp.
3. Hafa einhverjar færarlegar stöðvar fengið leyfi samkvæmt tilskipun 2000/76/EB?
4. Tilgreinið úrgangsflokka sem hafa verið sambrenndir, sundurliðað eftir tegundum sambrennslustöðva (sementstofn, brennsluver, önnur iðnaðaraðstaða sem ekki fellur undir 1. eða 2. lið II. viðauka).

Tilgreinið kóða evrópsku úrgangsskrárinnar (valfrjálst).

Tilgreinið leyfilega afkastagetu vegna sambrennslu fyrir þessar stöðvar (valfrjálst).
5. Um hversu margar sambrennslustöðvar gilda viðmiðunarmörkin fyrir losun í V. viðauka við tilskipun 2000/76/EB (þ.e. ef um er að ræða sambrennslu ómeðhöndlaðs sorps eða meira en 40% af losuðum varma er frá brennslu hættulegs úrgangs)?
6. Hvaða ákvæði hafa verið sett í leyfisveitingarferlinu um:
 - a) tilgreiningu á magni og flokkum hættulegs úrgangs sem heimilt er að meðhöndla?
 - b) lágmarks- og hámarksflæði hættulegs úrgangs til meðhöndlunar?
 - c) leyfileg varmagildi hættulegs úrgangs?

(1) Stjórn. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

- d) takmarkanir á innihaldi mengunarefna, t.d. fjöklóraðs bifényls (PCB), pentaklórfenóls (PCP), klórs, flúors, brennisteins eða þungmálma?
7. Hvers konar úrgangur er talinn „óviðeigandi“ fyrir töku dæmigerðra sýna?
8. Að því er varðar skilyrði um viðstöðutíma og hitastig ofngassins, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2000/76/EB, hafa einhver leyfi, sem ekki samræmast þeim vinnuskilyrðum, verið veitt í samræmi við 4. mgr. 6. gr.? Ef svarið er já, skal tilgreina:
- a) Hversu mörg leyfi hafa verið veitt?
- b) Greinið frá rökstuðningi fyrir hverju tilviki þar sem undanþága var veitt, liggi slík gögn fyrir, fyrir nokkur dæmigerð tilvik ásamt upplýsingum um eftirfarandi:
- i. afkastagetu stöðvarinnar,
- ii. hvort leyfið varðar „starfandi“ stöð eins og hún er skilgreind í 6. mgr. 3. gr. eða nýja stöð,
- iii. tegund úrgangsins sem er brenndur,
- iv. hvernig tryggt sé að ekki falli til meiri leifar en í stöðvum sem ekki hafa undanþágu og að innihald lífrænna mengunarefna í þeim sé ekki meira en gera má ráð fyrir frá stöðvum sem ekki hafa undanþágu,
- v. rekstrarskilyrðin sem mælt er fyrir um í leyfinu,
- vi. viðmiðunarmörkin fyrir losun sem stöðin skal virða.
9. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar að því er varðar brennslustöðvar (til viðbótar skýrslunni sem krafist er skv. 2. mgr. 12. gr.) til að tryggja að stöðvar séu hannaðar, útbúnar, smíðaðar og starfræktar þannig að ekki sé farið yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í V. viðauka tilskipunar 2000/76/EB?
10. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar að því er varðar sambrennslustöðvar (til viðbótar skýrslunni sem krafist er skv. 2. mgr. 12. gr.) til að tryggja að stöðvar séu hannaðar, útbúnar, smíðaðar og starfræktar þannig að ekki sé farið yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í II. viðauka tilskipunar 2000/76/EB?
11. Hafa verið veittar undanþágur frá viðmiðunarmörkum fyrir losun NO_x, ryks, brennisteinsdíoxíðs eða heildarmagns lífræns kolefnis í samræmi við 1. lið II. viðauka að því er varðar sementsofna þar sem úrgangur er sambrenndur? Ef svarið er „já“, skal tilgreina eftirfarandi:
- a) hversu margar undanþágur hafa verið veittar,
- b) greinið frá rökstuðningi fyrir hverju tilviki þar sem undanþága var veitt, liggi slík gögn fyrir, fyrir nokkur dæmigerð tilvik ásamt upplýsingum um eftirfarandi:
- i. afkastagetu stöðvarinnar,
- ii. hvort hún varðar starfandi eða nýja stöð (að teknu tilliti til 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 2000/76/EB),
- iii. tegund úrgangsins sem er sambrenndur,
- iv. viðmiðunarmörkin fyrir losun sem stöðvarnar skulu virða,
- v. önnur rekstrarskilyrði sem mælt er fyrir um í leyfinu.
12. Hafa viðmiðunarmörk fyrir losun, frábrugðin þeim sem tilgreind eru í II. eða V. viðauka, eftir því sem við á, verið sett fyrir losun í andrúmsloft frá brennslu- og sambrennslustöðvum? Ef svarið er „já“ og gögnin liggja fyrir skal tilgreina eftirfarandi:
- a) stöðvarnar sem þau eiga við um, þ.e. brennslu- eða sambrennslustöðvar, og fyrir hinar síðarnefndu skal tilgreina tegund stöðvar,
- b) hverjar stöðvanna eru „nýjar“ og hverjar „starfandi“,
- c) mengunarefni sem viðmiðunarmörkin eiga við um og hvaða viðmiðunarmörk eru sett,
- d) hvers vegna þessi viðmiðunarmörk eru notuð,
- e) fyrirkomulag vöktunar á losun þessara mengunarefna (stöðug eða með hléum, og ef hið síðarnefnda á við skal tilgreina tíðnina).
13. Að því er varðar mengunarefni, sem tilgreind eru í IV. viðauka tilskipunar 2000/76/EB, hvernig eru viðmiðunarmörk fyrir losun ákvörðuð að því er varðar losun úrgangsvatns úr reykheinsibúnaði í vatnsumhverfi? Tilgreinið þegar um önnur viðmiðunarmörk fyrir losun mengunarefna er að ræða en þau sem finna má í IV. viðauka.

14. Ef viðmiðunarmörk um losun hafa verið ákvörðuð fyrir mengunarefni sem hafa verið losuð í vatn, til viðbótar mengunarefnunum sem tilgreind eru í IV. viðauka:
 - a) fyrir hvaða stöðvar gilda þau (þ.e. brennslu- eða sambrennslustöðvar, „nýjar“ eða „starfandi“)?
 - b) um hvaða mengunarefni gilda þau og hver eru sett viðmiðunarmörk?
 - c) hvers vegna eru þessi viðmiðunarmörk notuð?
15. Hvaða virku eftirlitsbreytur (sýrustig, hitastig, straumhraði, o.s.frv.) eru ákvarðaðar í leyfisveitingarferlinu að því er varðar losun á úrgangsvatni?
16. Hvaða ákvæði hafa verið sett til að tryggja verndun jarðvegs, yfirborðsvatns eða grunnvatns í samræmi við 7. mgr. 8. gr.?
17. Hvaða viðmiðanir eru notaðar til að tryggja að geymsluaðstaða sé fullnægjandi til að prófa og hreinsa vatn áður en það er losað, ef nauðsyn krefur?
18. Hvaða almenn ákvæði hafa verið sett til að draga, eins og framast er kostur, úr magni og skaðsemi leifa frá brennslu- eða sambrennslustöðvum?
19. eru kröfurvar í leyfinu um mælingar á mengunarefnum í andrúmsloft og vinnslubreytum í vinnsluferlinu þær sömu og settar eru fram í 2. mgr. 11. gr.? Ef ekki, veitið upplýsingar um eftirfarandi:
 - a) ástæðu þess að vikið er frá 2. mgr. 11. gr., með vísun til möguleika á undanþágu sem um getur í 4. til 7. mgr. 11. gr.,
 - b) mengunarefnið eða mælipáttinn sem um er að ræða og þær kröfur um mælingar sem gerðar eru.
20. eru kröfurvar í leyfinu um mælingu mengunarefna í vatni þær sömu og settar eru fram í 14. og 15. mgr. 11. gr.? Ef ekki, veitið upplýsingar um eftirfarandi:
 - a) ástæðu þess að vikið er frá 14. og 15. mgr. 11. gr.,
 - b) mælipátt eða mengunarefni sem um er að ræða og kröfur um mælingar.
21. Hvaða ákvæði eru sett í leyfisveitingarferlinu til að tryggja að farið sé að eftirfarandi ákvæðum að því er varðar útblástur í andrúmsloft:
 - a) 8. mgr. 11. gr.,
 - b) 9. mgr. 11. gr.,
 - c) 11. mgr. 11. gr.,
 - d) 12. mgr. 11. gr.,
 - e) fyrirkomulag um reglufylgni sem sett er fram í 10. mgr. 11. gr.
22. Hvaða ákvæði eru sett í leyfisveitingarferlinu til að tryggja að farið sé að eftirfarandi ákvæðum að því er varðar losun í vatn:
 - a) 9. mgr. 11. gr.,
 - b) Fyrirkomulagi um reglufylgni sem kveðið er á um í 16. mgr. 11. gr.
23. Lýsið hvers kyns opinberum leiðbeiningum sem samdar hafa verið um framlagningu gagna um fullgilt dagsmeðalgildi losunar (11. mgr. 11. gr.). Leggið fram vefhlekk ef unnt er.
24. Hvaða verklagsreglum er fylgt þegar lögbæra yfirvaldinu er tilkynnt um að farið hafi verið yfir viðmiðunarmörk fyrir losun?
25. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja þátttöku almennings í leyfisveitingarferlinu (ný og/eða uppfærð leyfi)? Veitið upplýsingar um a.m.k. eftirfarandi þætti:
 - a) hvaða yfirvöld eiga að sjá til þess að almenningur hafi aðgang að leyfisumsóknum,
 - b) þann tíma sem almenningur hefur til að koma athugasemdum á framfæri,
 - c) hvaða yfirvöld eiga að sjá til þess að endanleg ákvörðun sé aðgengileg.
26. Að því er varðar aðgengi að upplýsingum í leyfisveitingarferlinu:
 - a) eru einhverjar upplýsingar um umhverfismál að hluta til eða með öllu óaðgengilegar almenningi í tengslum við umsóknina, ákvörðunarferlið eða leyfisveitinguna? Ef já, tilgreinið hvaða upplýsingar.

- b) Ef þessar upplýsingar eru að hluta til eða með öllu aðgengilegar, tilgreinið hvort upplýsingarnar eru aðgengilegar án endurgjalds og ef ekki, tilgreinið þá upphæð gjaldsins sem krafist er og við hvaða aðstæður þess er krafist.
27. Hvaða ákvæði eru sett um brennslu- og sambrennslustöðvar með nafnaköst, sem nema tveimur tonnum eða meira á klukkustund, sem tryggja að rekstraraðilinn afhendi lögbæru yfirvaldi árlega skýrslu um rekstur og vöktun stöðvarinnar?
28. Ef árleg skýrsla er lögð fram:
- a) hvaða upplýsingar eru í henni?
- b) hvernig getur almenningur nálgast þessa skýrslu?
29. Hvernig eru brennslu- eða sambrennslustöðvar með nafnaköst sem nema minna en tveim tonnum á klukkustund opinberlega auðkenndar?
30. Hvaða ákvæði er að finna í leyfinu um eftirlit með starfstíma brennslu- eða sambrennslustöðvar ef starfsemi er óeðlileg (þ.e. ef um stöðvun, röskun eða bilun á hreinsi- eða mælibúnaði er að ræða)?
31. Hversu lengi má brennslu- eða sambrennsluferlið halda áfram ef starfsemi er óeðlileg, þar til stöðinni er gert að hætta starfsemi:
- a) hámarkstímabil þar sem farið er yfir viðmiðunarmörk fyrir losun,
- b) hámark samanlagðrar lengdar tímabila á einu ári þar sem farið er yfir viðmiðunarmörkin.
32. Aðrar athugasemdir.
-